



Námstefna í samningagerð

Á námstefnunni verður stefnt saman öllum sem sæti eiga í samninganefndum og vinna að kjarasamningagerð í landinu. Þar gefst því einstakt tækifæri til að bæta vinnubrögðin við kjarasamningagerðina, læra nýjustu aðferðir, deila reynslu og efla marksækni og fagmennsku við samningaborðið.

Markmið námstefnunnar

- Efla færni samninganefndarfólks
- Auka fagmennsku við kjarasamningaborðið
- Stuðla að órofa samningaferli

Í hnotskurn

- Þátttakendur: Allt samninganefndarfólk stéttarféлага og launagreiðenda á Íslandi.
- Tímalengd: 3 dagar.
- Tímasetning: 2.- 4. maí og 1.- 3. október 2018, þátttakendur velja annað hvort.
- Staðsetning: Háskólinn á Bifröst og undurfagurt umhverfi hans.
- Verð: 75.000 á mann.
- Innifalið í verði: Námskeiðsgjöld, námsgögn, gisting og matur, rúta til og frá Reykjavík.
- Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar í stærri og minni hópum, vinnustofur og verkefnavinna.

Hæfniviðmið

Að námskeiðinu loknu munu þátttakendur hafa öðlast:

- Þekkingu á lögum og leikreglum sem tengjast kjarasamningagerðinni.
- Þekkingu á þáttum sem stuðla að virðingu, trausti, fagmennsku og bestu niðurstöðum í samningagerð.
- Þekkingu á efnahagslegu samhengi og þjóðhagslegu mikilvægi kjarasamninga.
- Leikni til að takast á við hindranir í viðræðum.
- Leikni í samskiptum, tali, hlustun og fasi.
- Hæfni til að skipuleggja og vinna með heildarferli kjarasamninga, frá samningi til samnings.
- Hæfni til að semja vel og stuðla að gagnkvæmum ávinningi í kjarasamningagerð.

Til að standast námskeiðið þurfa nemendur að hafa mætt á alla fyrirlestra og lokið námsmati. Námsmat byggist á þátttöku í vinnustofum og verkefnavinnu.



RÍKISSÁTTASEMJARI

Dagur 1 – Inngangur og stóra myndin

10:30-10:45 Inngangur

Bryndís Hlökkversdóttir, ríkissáttasemjari

Fólk boðið velkomið. Sagt frá tilgangi, markmiðum og tilurð námstefnunnar og hvers megi vænta.

10:45-12:30 Leikreglur á vinnumarkaði

Magnús Norðdahl, deildarstjóri lögfræðideildar Alþýðusambands Íslands

Sara Lind Guðbergsdóttir, sérfræðingur hjá kjara- og mannauðssýslu ríkisins

Þátttakendur kynnast helstu lögum og reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði, bæði þeim almenna og hinum opinbera. Fjallað verður um skipulag íslensks vinnumarkaðar, kjarasamningaferlið og það kerfi sem hér er við lýði til lausnar ágreiningi á vinnumarkaði auk ýmissa úrræða í því sambandi.

Vinnustofunni er ætlað að gera skil á helstu lögum og reglum á íslenskum vinnumarkaði og úrræðum til lausnar ágreiningi.

Vinnustofan fer fram með samblandi af stuttum fyrirlestrum og verkefnavinnu þátttakenda.

12:30-13:30 Hádegisverður

13:30-14:45 Samskipti og ábyrgð

Arnar Þór Jónsson, héraðsdómari

Í vinnustofunni verður fjallað um mikilvægi trausts, virðingar og ábyrgðar í kjarasamningagerð. Rætt verður um hlutverk samningafólks og ábyrgð þess gagnvart baklandi, viðsemjanda sínum og samfélaginu öllu. Sérstaklega verður fjallað um þær áskoranir sem blasa við samningsaðilum sem gera kjarasamninga á tímum samfélagsmiðla.

Skoðuð verða dæmi og gagndæmi um samskipti og ábyrgð samningsaðila og rýnt í ábyrgð samninganefndarfólks gagnvart ólíkum hagðilum.

Vinnustofunni er ætlað að skerpa á hlutverki samninganefndarfólks, ábyrgð þess og tengslum við bakland og viðsemjendur og fer fram með samblandi af stuttum fyrirlestrum og verkefnavinnu.

14:45-15:45 Efnahagslegt samhengi kjarasamninga

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Róbert Farestveit, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands

Fjallað verður um sérstöðu kjarasamninga og hvernig þeir eru ólíkir öðrum samningum. Sérstaklega verður fjallað um þjóðhagslegt mikilvægi kjarasamninga í samhengi við þróun launa, verðlags og kaupmáttar. Þá verður fjallað um samspil vinnumarkaðar, peningastefnu og ríkisfjármála.

Vinnustofunni er ætlað að veita innsýn í kjarasamningagerð í þjóðhagslegu samhengi og fer fram með stuttum fyrirlestrum og í umræðuhópum.



RÍKISSÁTTASEMJARÍ

15:45-17:30 Ísland í alþjóðlegum samanburði – Málstofan fer fram á erlendu tungumáli að hluta en verður túlkuð og öll gögn þýdd

Roger Bjørnstad, aðalhogfræðingur LO í Noregi

Kine Asper, samninganefndarkona í Frontfagssamningum hjá Fellesforbundet

Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík

Í þessari vinnustofu verður íslenskur vinnumarkaður skoðaður, m.a hefðir, venjur og gögn í samanburði við vinnumarkaði í Noregi. Sérstaklega verður farið ofan í saumana á þróun og sérstöðu vinnumarkaðslíkana í Noregi, m.a hugmyndafræði og skipulag kjarasamningagerðar. Þá munu þátttakendur rýna í styrkleika og veikleika þess kjarasamningaferlis sem þróast hefur á íslenskum vinnumarkaði.

Vinnustofunni er ætlað að veita innsýn í vinnumarkaðslíkön norðurlanda í samanburði við hið íslenska kjarasamningaferli. Vinnustofunni lýkur með umræðum.

17:30-18:00 Samantekt og lokaorð

18:00-19:00 Frjáls tími

19:00 Kvöldverður



RÍKISSÁTTASEMJARÍ

Dagur 2 – Samskiptahæfni, gagnkvæmur ávinningur og teymisvinna

Morgunmatur 8:00-09:00

09:00-09:30 Lærdómur frá degi 1, upprifjun og umræður

09:30-12:30 Listin að semja vel

Þóra Christiansen, aðjúnkt við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Fjallað verður um hugmyndafræði í samningatækni og kostina við að nálgast kjarasamningagerð með gagnkvæman ávinning í huga. Rætt verður um fagleg vinnubrögð og góða samningahætti. Farið verður yfir helstu verkfæri í verkfærakistu samninganefndafólks og tekin fyrir dæmi og gagndæmi. Rýnt verður í samningalíkan og bestu leiðir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Þá verður sjónum beint að því hvernig megi stuðla að órofa kjarasamningaferli þannig að samningur taki við af samningi. Vinnustofunni er ætlað að auka hæfni þátttakenda til að takast á við samningaviðræður með gagnkvæman ávinning í huga og auðvelda þeim að sjá kjarasamningaferlið sem órofa heild.

Vinnustofan fer fram með samblandi af stuttum fyrirlestrum og verkefnavinnu.

12:30-13:30 Hádegisverður

13:30-15:30 Einkenni árangursríkra teyma

Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs LSH

Fjallað verður um eiginleika sterkra teyma og eiginleika góðra liðsmanna í teymi og hvernig nýta megi slíka hugmyndafræði við kjarasamningagerðina. Byggt verður á hugmyndafræði Patrick Lencioni og bókum hans *The Five Dysfunctions of a Team* og *The Ideal Team Player*, þar sem fjallað er um traust, heilbrigðan ágreining, skuldbindingu, samábyrgð og árangur, og þrjá eiginleika einstaklinga sem eru forsenda þess að vinna vel í teymi. Samninganefndarmenn fá verkfæri til að meta eigin framkomu og þau teymi sem þeir eru í, bæði innan síns hóps og við samningaborðið.

Vinnustofan fer fram með samblandi af stuttum fyrirlestrum, umræðu og verkefnavinnu.

15:30 – 17:30 Vinnum út frá styrkleikum og höfum góð samskipti

Anna Steinsen, þjálfari og eigandi KVAN

Þessi vinnustofa fjallar um góð samskipti sem eru grundvallarforsenda fyrir því að kjarasamningaferlið verði órofa heild og að samningur taki við af samningi. Í verkefnavinnu verður skoðað hvernig megi fást við flókin og erfið samskipti. Einnig þjálfar þátttakendur færni við að beita líkamstjáningu, hlustun, tali og fasi í því skyni að auðvelda samskipti og stuðla að gagnkvæmri virðingu og trausti.

Á vinnustofunni skoðum við okkar eigin styrkleika með það að markmiði að nota þá í kjarasamningaferlinu. Vinnustofan fer fram með stuttum fyrirlestrum og verkefnavinnu.

17:30-18:00 Samantekt og lokaorð

18:00-19:00 Frjáls tími

19:30 Kvöldverður



RÍKISSÁTTASEMJARÍ

Dagur 3 – Samningafærni og tækifæri til umbóta

Morgunmatur frá 8:00-09:00

09:00-09:30 Lærdómur frá degi 2, upprifjun og umræður

09:30-13:00 Gerð samnings – sameiginlegt verkefni

NN

Í þessari vinnustofu verður unnið með raundæmi þátttakendur vinna að lausnum í anda gagnkvæms ávinnings. Þjálfaðir verða ýmsir þættir, m.a. notkun helstu verkfæra sem nýtast í kjarasamningaferlinu, svo sem kröfugerð, viðræðuáætlun og góð samskipti á samningstíma. Þá verður sérstaklega unnið með eigin framkomu við samningaborðið, samskipti, líkamstjáningu, tal og fas, heilindi og traust.

Vinnustofunni er ætlað að þjálfa færni þátttakenda við að undirbúa, setja fram, leysa mál og semja í anda gagnkvæms ávinnings.

Vinnustofan byggist fyrst og fremst á verklegum æfingum og vinnu þátttakenda.

13:00-14:00 Hádegisverður

14:00-15:30 Lokavinnustofa – hvað höfum við lært?

NN

15:30-17:00 Útskrift og lokahóf

17:30 Rúta til Reykjavíkur